



Akraneskaupstaður
Stillholti 16-18
301 Akranesi

Reykjavík, 22.02.2016
IDH/ils/ 4.5.3

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skjaln. 29.5	Mótt. af Gró	Mótt. af 23 FEB. 2016
Ab.m. RA	Úrv.aðili St. A	Afrit RA/St. A
Símtal	Tölvup.	Fax SPH
Svarit.	Trún.mál	Fskj.
Málsn. One 1602216		

Efni: Lúkning samnings um flutning aðveitustöðvar á Akranesi

Það upplýsist að undirbúningur Veitna við flutning aðveitustöðvar rafmagnsveitu frá Þjóðbraut 44 að Smiðjuvöllum 24 er langt kominn. Flutningur aðveitustöðvarinnar er í samræmi við samning Orkuveitu Reykjavíkur og Akraneskaupstaðar, dags. 27. apríl 2007 sbr. viðauka, dags. 22. september 2009.

Á grundvelli viðaukans var greiðslum frestað og svo enn frekar eftir árið 2011 í ljósi þess að framkvæmdum var frestað á ný. Það var svo um mitt síðasta ár að framkvæmdir hófust við byggingu nýrrar aðveitustöðvar að Smiðjuvöllum 24. Með hliðsjón af því þykir rétt að huga að lúkningu samkomulagsins og þar með þeirra greiðslna sem útistandandi eru af hálfu Akraneskaupstaðar.

Samkvæmt því sem áður var samið áttu afborganir sem frestað var að dreifast jafnt á þær afborganir sem eftir væru. Til að gæta sanngirnis í ljósi frestunar framkvæmda leggja Veitur hins vegar til að útistandandi afborganir (nr. 2-6) dreifist á jafnmörg ár. Verði afborganir inntar af hendi þann 25. apríl ár hvert, sú fyrsta árið 2016 og sú síðasta árið 2020.

Hjálagt er að finna drög að nýjum viðauka við samninginn þar sem kveðið er á um framangreint. Lagt er til að gengið verði frá honum milli aðila hið fyrsta.

Virðingarfyllt,

Inga Dóra Hrólfsdóttir
Framkvæmdastjóri